

# Hleðslustöðvar fyrir húsfélög

## Ráðgjöf, uppsetning og þjónusta

Tæknivít býður **óháða ráðgjöf** fyrir húsfélög, fyrirtæki og stofnanir, við **val á hleðslustöðvakerfi, staðsetningu, álagsstýringu, hönnun og framkvæmd**, óháð söluaðilum hleðslustöðva.

### Sérhæfðir þjónustupakkar fyrir húsfélög:

- 1. Kerfisval og kostnaðaráætlun
  - Skoðun á aðstæðum
  - Val á hentugri og hagkvæmri hleðslulausn
  - Gróf kostnaðaráætlun
  - Gerð raflagnauppdráttu
- 2. Gerð útboðsgagna
  - Verklýsing
  - Magntöluskrá
  - Uppfærsla á raflagnateikningum
- 3. Heildarumsjón hleðslustöðva
  - Innkaup
  - Uppsetning
  - Fullur frágangur og kerfið tilbúið til notkunar



Aðstæður fjölbýlishúsa og annara bygginga eru mismunandi og þarf uppbygging hleðslukerfis og val á hleðslustöðvum að taka mið af aðstæðum hverju sinni. Tæknivít hjálpar viðskiptavinum að greina kosti og takmarkanir hleðslustöðvakerfa og velja hagkvæmustu lausnina.

Tæknivít hefur þekkingu á rafhleðslukerfum frá mismunandi söluaðilum. Hleðslukerfi henta misvel fyrir mismunandi aðstæður fjölbýlishúsa og fyrirtækja. Velja þarf álagsstýringu við hæfi, til að hleðslukerfi valdi ekki truflunum á almennri raforkunotkun viðkomandi byggingar. Val er um kaup eða leigu á hleðslukerfi.

Hönnun hleðslukerfis þarf að vera sveigjanleg, þar sem hægt er að byrja smátt á ódýrasta hátt en kerfið ráði á endanum við að rafbílar hlaði í öllum bílastæðum. Lausnin þarf að fullnægja rafbílanotendum hvað varðar aðgengi, virkni, öryggi, einfaldleika og hleðsluhraða. Hönnun og efnisval sé að fullu í samræmi við tilmæli Mannvirkjastofnunnar um hleðslu rafbíla.



**Hafðu samband fyrir frekari upplýsingar**